



## Ingibjörg Vala Kaldalóns ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands:

*Stuðningur við sjálfræði nemenda í íslenskum grunnskólum*

Athöfnin fer fram föstudaginn 27. nóvember nk. kl. 13:00 í Hátíðasal Háskóla Íslands.

Andmælendur eru dr. Kristján Kristjánsson prófessor Háskólanum í Birmingham, Englandi. og dr. Jón Torfi Jónasson prófessor, Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Leiðbeinendur voru dr. Ragnhildur Bjarnadóttir, prófessor, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, meðleiðbeinandi dr. Gretar L. Marinósson prófessor, Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Auk þeirra sat í doktorsnefndinni dr. Ingvar Sigurgeirsson prófessor, Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Dr. Ólafur Páll Jónsson prófessor, deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar Menntavísindasviðs, stjórnar athöfninni Allir velkomnir

### Um verkefnið

Markmið með rannsókninni er að varpa ljósi á *stuðning við sjálfræði* nemenda í skólastarfi, öðlast skilning á starfsháttum sem styðja við sjálfræði nemenda og þeim þáttum í skólastarfi sem hindra slíkan stuðning. Sjálfræði er mikilvægur þáttur velfarnaðar samkvæmt jákvæðri sálfræði og sjálfsákvörðunarkenningum sem mynda fræðilegan grunn rannsóknarinnar. Sjónum er beint að starfsháttum í 7.—10.bekk grunnskóla í 20 grunnskólum. Notaðar eru spurningalistakannanir, vettvangsathuganir og hálf-opin viðtöl við nemendur og kennara. Niðurstöður eru í meginatriðum að stuðningur við sjálfræði er víða lítill og ekki í samræmi við það sem Aðalnámskrá grunnskóla, grunnskólalög og alþjóðasamþykktir kveða á um. Á hinn bóginn er mikill munur milli skólanna á því hvernig stutt er við sjálfræði. Mikill munur reyndist bæði á kennslu- og starfsháttum og einnig á viðhorfum í skólum eftir því hversu ríkulega kennarar studdu við sjálfræði nemenda – sem endurspegladist í ólíkri skólamenningu og formgerð skólastarfsins. Rannsóknin staðfestir tengsl stuðnings við sjálfræði og velfarnaðar. Varpað er ljósi á ýmsa ytri þætti sem kennarar telja að hindri þá í því að styðja við sjálfræði nemenda svo sem kerfislegar

kröfur, takmarkaðar bjargir og ósveigjanlegt skipulag. Hugmyndalegar hindranir sem tengdust námi og skólastarfi vógu þó þyngra. Við þurfum að efla þekkingu með kennurum og nemendum á formgerð sem greiðir fyrir eflingu sjálffræðis nemenda. Skólamenning sem leggur megináherslu á fræðslu og getu nemenda heldur einnig aftur af breytingum og hindrar stuðning við sjálffræði. Fræðilegar niðurstöður ættu að vera mikilvægt framlag fyrir vettvanginn, gagnlegar fyrir starfandi kennara, skólastjórnendur og aðila í kennaramenntun.

## **About the project**

### *Autonomy support in Icelandic compulsory schools*

The objective of this study is to throw light on autonomy support of students in their daily school-work and to gain an understanding of school practices that support students' autonomy as well as those aspects of the school's operation that impede such support. The theoretical framework derives from positive psychology and self-determination theories according to which autonomy is the ground for maximizing the individual's psychological potential. The research focuses on school-practices in grades 7-10 in 20 compulsory schools. Mixed research methods were used; questionnaires, field observations and semi-structured interviews among students and teachers. The findings of the study suggest that an emphasis on autonomy support is generally minimal. However, there was vast difference between teaching methods, classroom practices and attitudes of school personnel according to the degree of autonomy support in each school. These were reflected in different cultures and structures supporting different practices. The study confirms the relationship between autonomy support and well-being. The research shed light on some external factors that teachers think prevent them from providing autonomy support such as systemic requirements, limited resources and inflexible structures. Ideologies concerning learning and school practices played a larger role. The discourse shows that we need to bolster new knowledge with teachers and students of the structures that can create conditions for supporting students' autonomy. The discourse which views dissemination of knowledge as the main aim of education and an ability-orientated school culture can hamper change and obstruct autonomy support. The theoretical contribution of the study provides practical findings for practising teachers and school managers and not the least those engaged in teacher education.

## **Um doktorsefnið**

**Ingibjörg V. Kaldalóns fæddist árið 1968. Hún** lauk BA-prófi í stjórn mála- og félagsfræði frá Félagsvísindadeild Háskóla Íslands árið 1993, meistaraprófi í aðferða- og félagsfræði frá sömu deild árið 1996 og er einnig alþjóðlega vottaður markþjálfari. Ingibjörg hefur starfað við rannsóknir og rannsóknarráðgjöf m.a. hjá Félagsvísindastofnun HÍ, Rannsóknastofnun KHÍ og Menntavísindastofnun HÍ og verið þátttakandi í nokkrum stórum samstarfsrannsóknum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún starfar nú við kennslu og rannsóknir á Menntavísindasviði. Einnig starfar hún sjálfstætt við ráðgjöf, kennslu og skólalápróunarverkefni sem snúa að starfsháttum í grunnskólum, lífsleikni og velfarnaði kennara og nemenda. Ingibjörg á þrjú börn þau Unni, Margréti Stellu og Stefán Snæ Kaldalóns.